





Meðal ófárra álitlegra myndlistar-mannsefna, sem íslenska ljóveldið fékk í vöggugjöf, hefur Hörður Ágústsson nú að aldarþriðjungli liðnum áberandi sérstöðu vegna fjölhæfni sinnar, yfirburða í menntun, fágætrar verkunnáttu og verklundar meiri en flestum mönnum er gefin. Þá hef ég einvörðungu skapandann í huga, því að af öllum þeim mönnum sem í farsælu sambýli búa í Herði Ágústssyni er listamaðurinn mestur og óumdeildur húsbóndi; væri þó með öllu óverjandi, enda fjarri mér að gleyma því nokkra stund, að hann hefur sem kennari, skólastjóri, fyrirlesari, rithöfundur og meðritstjóri Birtings um 14 ára skeið átt manna heiladrygstan þátt í myndlistarlegu uppeldi þjóðarinnar seinustu áratugi, að hann er virtur meðal visustu manna innanlands sem utan vegna afburðaþekkingar á sögu íslenzkrar byggingarlistar, að íslensk bókahönnun og listiðnir hvers konar eiga honum ósmáa þökk að gjalda, að ekki sé minnst á gömlu húsin guðs og manna um allt land sem gengið hafa í endurnýjun lífdaganna undir umsjá hans. ● En ég var að tala um menntun og fjölhæfni listmálarans. Það var síður en svo algengt fyrir hans dag, að verðandi myndlistarmenn hefðu sjálfsögun og eirð til (þótt tækifæri gæfust, sem sjaldan var) að keifa gegnum menntaskóla í leit að almennri undirstöðuþekkingu. En Hörður gerði það. Eg efast stórliga um, að án stærð- og eðlisfræðinámsins í gamla MR hefði hann nokkurn tíma búið til myndirnar á þessari sýningu, hvað þá framið þær mælinga- og teiknikúnstir sem seint og um síðir hafa opnað augu íslendinga fyrir því, að þeir hafa reyndar auk annars ágætis átt merkilega byggingarlist í ellefu aldir. Af sömu skapfestu varði hann að loknu stúdentsprófi meira en áratug í að afla sér klassískrar menntunar í myndlist, jafnframt því sem hann lifði og hrærðist í hinu ferskasta og fremsta, sem var að gerast í myndlist samtímans í Kaupmannahöfn, Lundúnum, París, og með ferðalögum til Ítalíu, Spánar. ● Visvitandi nefndi ég menntunina fyrst, af því að hún er meginþyrningin á fjölhæfni Harðar Ágústssonar í myndlist. Hann er t d einn beztu teiknari á Íslandi. Auðvitað væri hann það ekki án meðfæddra hæfileika, en þeir hefðu hrokkið skammt, ef hann hefði ekki að auki hlotið ungar þá ströngu teiknikólun sem lengi var talin myndlistarmanni að minnsta kosti til gagns og þryði, ef ekki höfuðnaúðsyn. Árið 1960 hélt Hörður sýningu í Ásmundarsal við Freyjugötu á teiknuðum mannamyndum. Sé uppi héraendis fremri portretteiknari en sá sem gerði þær myndir (og margar fleiri, sem aldrei hafa verið sýndar), þá hefur það farið fram hjá mér. Öllumálverk á léreft voru lengi talin hið eina sem sönnun listmálara sómði við að fást. Sá tími er liðinn, og Hörður hefur eins og aðrir myndlistarmenn nú á dögum gert myndir úr alls konar efnum gömlum og nýjum. En það var enginn flótti frá öllumálverkinu, öðru nær: hann leyfði sér ekki annað en nýta möguleika þess eins og honum var framast auðið. Allur samjöfnuður á trúðærum verkum er út í hött, og því læt ég sitja við þá staðhæfingu, að myndirnar sex um mannsóninn á sýningu Harðar í Norræna húsinu 1975 séu meðal þeirra stórvirkja íslenska öllumálverksins sem æ munu standa. Í innsta listamannseðli sínu er Hörður Ágústsson ljóðskáld, sem yrkir mest og fegurst um náttúruna. ▶

Lýrskar afstrak sjónir hans, bæði svarthvítar og í lit, skipta mörgum hundruðum. Fáeinar þeirra hefur hann sýnt, t.d. svarthvítar í Bogasálmum 1965, og ógleymanleg er litil samstæð og fram úr skarandi falleg sýning á ljóðrænum smámyndum í lit í Listasafni ASÍ árið 1972. Og nú þegar ærið margt hefur verið upp talið, er samt ónefndur sá undraheimur sem blasir við hér á veggjunum: þungamiðjan í myndlistarstarfi Harðar seinasta áldarfjórðung. ● Er ekki viðtekin kláusa, að afstraklist sé andstæða náúralisma? Ekki nenni ég að elta ólar við hana. Þó er eins víst það vitnist, að myndirnar þær arna séu hreinræktaður náúralismi. Allt fer eftir því, hvornig á málin er listið. Hér sést að visu hvorki fjall né maður. En væri arða úr Esjunni eða flipi úr hægri nasavæng páfans skoðuð í sterkri smásjá, kæmi líklega á daginn að þau væru hugvitsamlega samansett úr aragrúa af örsmáum ferningum, hringjum eða þríhyrningum, ýmislega litum. Geti skaparinn notast við svo óbrotnar einingar jafnvel þegar hann býr til staðgengil sinn á jörðunni, er forvitnum lærisveini ekki láandi, þótt hann langi til að kanna sem rækilegast gildi þeirra í myndlist. Það er þetta sem Hörður Ágústsson hefur verið að kjást við í lista- og formsmiðju sinni. Úr grunnformum — punkti, línu, ferningi, þríhyrningi, hring — byggir listamaðurinn heilan myndheim. Í samröðun þeirra hefur hann á ekkert að treysta nema tilfinningu sína fyrir formspili, hrynjandi. En þetta er arkitektúr, kann einhver að segja. Það má til sanns vegar færa að vissu marki, enda arkitektúr í aðra röndina myndlist, sé eitthvað í hann spunnið. En þetta er meira en arkitektúr. Myndlistarmaðurinn hefur óbundnar hendur, þar sem arkitektinn er jafnaðarlega bundinn af hugsun um notagildi verks síns sem mannvirkis, húsnæðis. ● Hörður sýndi nokkrar svarthvítar myndir úr formsmiðju sinni í Galleri SÚM fyrir fjórum árum. Síðan hefur hann færzt allur í aukana. Hann hefur tekið annan höfuðþátt myndlistar, listinn, til könnunar með grunnlitina að grundvelli eins og grunnformin áður. Lokastigið er samspil forms og listar sem getur haldið áfram með nýjum og nýjum tilbrigðum um alla eilífð. Hér eru aðeins sýnd örtá dæmi um möguleika í myndlist sem í bókstaflegum skilningi eru takmarkalausir. ● Þessi sýning er í mínum huga auk margs annars ábending um færar leiðir til að breyta heiminum og bæta hann, ef einhver kynni að kæra sig um það. (Ef ekki, er fljótgert að líta undan eða loka augunum). Sumar myndanna ná e t v beztum árangri á litlum vegg í löngu sambýli við fáein áfjád augu; aðrar gætu hæglega gengið beint inn í vefstóla og streymt út úr þeim í ströngum til margra hluta nytsamlegar; enn aðrar eru kjórnar til að þekja stóra vegg innanhúss eða utan og umskapa kynslóðir þegjandi og hljóðalaust, um leið og þær ganga hjá. En mestur fögnuður er að sýningunni vegna þess að hér leggur mikil listamaður fyrir sitt fólk svo stórbrotna niðurstoðu af árastarfi við aflinn, að frá þeim degi er þjóðin hlutgengur aðili að merku þætti í evrópskri myndlistarþróun á þessari öld.

Einar Bragi





## Hörður Ágústsson

### Úr lit- og formsmiðju

1953 - 1976

#### Myndaskrá

##### I. Litbandamyndir

- 1 Geislatígull, 60×60 sm, 1976
- 2 Skoratígull, 60×60 sm, 1976
- 3 Stríklota, 120×120 sm, 1974
- 4 Gagnstreymi, 250×120 sm, 1976
- 5 Samstreymi, 120×120 sm, 1975
- 6 Formvegir, 120×210 sm, 1975
- 7 Dilar I, 120×120 sm, 1975
- 8 Geislabugir, 120×120 sm, 1975
- 9 Gluggar, 120×120 sm, 1975
- 10 Skekkjur I, 250×120 sm, 1976
- 11 Rammar, 120×120 sm, 1974
- 12 Nótur, 120×120 sm, 1974
- 13 Tónalítir, 120×120 sm, 1974
- 14 Stríkalotur, 120×120 sm, 1975
- 15 Deildir 120×120 sm, 1975
- 16 Miðstreymi, 120×120 sm, 1976
- 17 Rákir I, 120×120 sm, 1974
- 18 Miðleiðni I, 120×80 sm, 1976
- 19 Miðleiðni II, 120×80 sm, 1976
- 20 Geislasnælda, 120×80 sm, 1975
- 21 Litsnælda, 120×80 sm, 1975
- 22 Ljóssnælda, 120×80 sm, 1975
- 23 Gárur I, 60×60 sm, 1975
- 24 Gárur II, 60×60 sm, 1975
- 25 Gárur III, 60×60 sm, 1975
- 26 Þriskeyturöð, 60×60 sm, 1975
- 27 Þriskeytuflug, 60×60 sm, 1976
- 28 Þriskeytur í þriskeytu, 60×60 sm, 1974
- 29 Skekkjur II, 120×80 sm, 1976

- 30 Rákir II, 120×120 sm, 1974
- 31 Dilar II, 120×120 sm, 1975
- 32 Teinar I, 120×80 sm, 1973
- 33 Strengir, 120×80 sm, 1974
- 34 Kvik I, 120×80 sm, 1975
- 35 Teinar II, 120×80 sm, 1974
- 36 Hvirfing, 120×120 sm, 1976
- 37 Teinar III, 120×80 sm, 1975
- 38 Teinar IV, 120×80 sm, 1975
- 39 Teinar V, 120×80 sm, 1974
- 40 Kvik II, 120×80 sm, 1974
- 41 Strengir II, 60×60 sm, 1975
- 42 Rof, 90×90 sm, 1973
- 43 Strik, 90×90 sm, 1973
- 44 Kvikstreymi, 60×60 sm, 1976
- 45 Gagnstreymi II, 60×60 sm, 1976
- 46 Gagnstreymi III, 60×60 sm, 1976
- 47 Þriskeytumót, 60×60 sm, 1976
- 48 Greiða, 60×60 sm, 1974
- 49 Ljósop, 60×60 sm, 1976
- 50 Rista I, 60×60 sm, 1975
- 51 Rista II, 60×60 sm, 1975
- 52 Hnitadeplar, 60×60 sm, 1975
- 53 Kvaðratrætur, 60×60 sm, 1976
- 54 Ferhnit, 60×60 sm, 1975
- 55 - 57. Þrisnældur, 60×60 sm, 1975

##### II. Samklippur 1955

##### III. Fótó - grafík 1962

##### IV. Tússteikningar 1953 - 1962



Hörður Ágústsson

## Úr lit- og formsmíðju

1953 - 1976

Sýningar: 1949 Galerie Raymond Duncan 18. júní - 1. júlí, París. Salon d'Automne, París. Listamannaskálinn 15. - 26. sept. Reykjavíkursýningin, Rvík. ● 1950 Galerie St. - Placide: Cinq Islandais 14. - 28. apríl, París. Salon de Mai, París. Nordiska konstförbundets 5. ársutstilling, 25. marz - 23. apríl, Ateneum, Konsthallen, Helsingfors, Salon des Indépendants 8. - 30. apríl, París. ● 1951 Galerie Breteau, 5. - 14. júlí, París. Salon de Mai, París. Listamannaskálinn 14. - 25. okt. Rvík. Den offisielle íslandske kunstutstilling í Norge 1951. Kunstnernes Hus, Oslo. Salon des Indépendants 31. marz - 22. apríl, París ● 1952 Art islandais, 5. - 27. apríl, Palais des Beaux Arts, Bruxelles. Galerie de Beaune, samsýning nóvember, París. Salon d'Octobre 24. okt. - 14. nóvember, París. ● 1953 Haustsýningin, Listamannaskálanum, 17. - 30. okt. Samsýning með Eiríki Smith, Karli Kvaran og Sverri Haraldssyni. Gestur: Svavar Guðnason, Rvík. ● 1954 Listamannaskálinn, október, Rvík. ● 1955 Arte nordica contemporanea, apríl - maí, Róm. ● 1959 Listamannaskálinn, 29. ágúst - 13. sept. Rvík. ● 1960 Ásmundarsalur, Rvík. ● 1961 Mökkakaffi, Rvík. ● 1962 Café Scandia, Akureyri. ● 1965 Bogasalur Þjóðminjasafns Íslands 5. nóv. - 14. nóv. Rvík. ● 1969 Haustsýning F.Í.M., Rvík. ● 1971 Haustsýning F.Í.M., Rvík. ● 1972 Galleri SÚM og Listasafn A.S.Í. 25. marz og 9. apríl, Rvík. ● 1973 Haustsýning F.Í.M., Rvík. ● 1974 Íslensk myndlist í 1100 ár. Haustsýning F.Í.M., Rvík. ● 1975 Norræna húsið 8. - 18. maí, Rvík. ● 1976 Kjarvalsstaðir 1. - 12. okt. 1976.



Kjarvalsstaðir Reykjavík 1. - 12. október 1976